FRÉTTABLAÐIÐ

121. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 27. MAÍ 2019

Á góðviðrisdögum er oft mikið fjör við þennan foss í vestari kvísl Elliðaáa. Það var einmitt raunin í gær og undi fólk sér vel, ýmist við hylinn eða hreinlega ofan í honum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sáttaumleitanir að fara út um þúfur

Litlar líkur eru taldar á að sáttir náist utan dómstóla milli ríkisins og þeirra er sýknaðir voru í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Þrátt fyrir hækkuð tilboð stjórnvalda hefur einn hafnað því sem boðið er. Lögð var áhersla á að ná sáttum við allan hópinn.

DÓMSMÁL Sáttaumleitanir milli stjórnvalda og hinna nýsýknuðu í Guðmundar- og Geirfinnsmálum og aðstandenda þeirra eru að sigla í strand eftir að Guðjón Skarphéðinsson hafnaði bótatilboði sáttanefndar stjórnvalda.

Eins og Fréttablaðið greindi frá hafði sáttanefndin úr 600 milljónum að spila og samkvæmt heimildum blaðsins hafði ríkið bætt eitthvað í þannig að hæstu tilboð um bætur fóru yfir 200 milljónir. Heimildir blaðsins herma að góður sáttatónn hafi verið í flestum og útlit verið gott um að sættir gætu náðst, þar til Guðjón Skarphéðinsson hafnaði tilboði sáttanefndarinnar.

Eins og greint hefur verið frá hljóðaði bótakrafa Guðjóns upp á rúman milljarð í miskabætur og um það bil 400 milljónir að auki í bætur fyrir missi atvinnutekna.

Kristrún Heimisdóttir, formaður sáttanefndar.

Höfuðáhersla hefur verið lögð á það í sáttaferlinu að ná sáttum við allan hópinn og ljúka málinu utan dómstóla. Heimildir Fréttablaðsins herma að verulega hafi súrnað í viðræðum eftir að Guðjón gekk frá borði og mun sáttanefndin eiga það eina verk eftir í starfi sínu að semja skilabréf sitt til forsætisráðherra.

Andri Árnason, settur ríkislögmaður í málinu, á eftir að taka formlega afstöðu til kröfu Guðjóns og þar sem ekki var gengið að henni við borð sáttanefndar er ólíklegt annað en að henni verði hafnað.

Að óbreyttu munu því dómstólar ákveða bætur í málinu og má búast við að um þær verði rekin nokkur dómsmál.

Óvíst er hvernig farið verður með mál aðstandenda Sævars Marinós Cisielski og Tryggva Rúnars Leifssonar sem eru látnir, en bótaréttur þeirra er ekki sá sami og þeirra Guðjóns, Kristjáns Viðars Júlíussonar og Alberts Khlan Skaftasonar sem enn eru á lífi og eiga hlutlægan bótarétt. **– aá**

Viðhorf Sigríðar sögð sorgleg

STJÓRNMÁL „Það er sorglegt að horfa upp á þessi viðhorf Sjálfstæðisflokksins til Mannréttindadómstóls Evrópu á níutíu ára afmæli flokksins,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, um nýfallin ummæli Sigríðar Á. Andersen um Mannréttindadómstól Evrópu og dóm hans í Landsréttarmálinu.

Í grein í Morgunblaðinu segir Sigríður dóm MDE atlögu frá pólitískt kjörnum dómurum í Strassborg.

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, tekur í sama streng og Þorgerður. „Það er grafalvarlegt að fyrrverandi dómsmálaráðherra tali dómstólinn niður á þann hátt sem hún gerir í greininni.“ **– aá / sjá síðu 4**

Sundhallarkæra ekki tekin gild

SKIPULAGSMÁL Ragnheiður Elín Árnadóttir, formaður Hollvinasamtaka Sundhallar Keflavíkur, sem kærði þá ákvörðun bæjarstjórnar Reykjanesbæjar að heimila niðurrif Sundhallar Keflavíkur segir fátt koma á óvart í niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem hefur vísað kærunni frá.

„Eins mikið og það hryggir mig þá er það eitthvað sem maður þarf að sætta sig við. En ég er ekki ánægð með það,“ segir hún. **– gar / sjá síðu 6**

Ragnheiður Elín Árnadóttir.

Fréttablaðið í dag

Halldór

SKOÐUN Guðmundur Steingrímsson stingur upp á nýjum lausnum varðandi málþóf á Alþingi. 11

SPORT Góð kaflaskipti í mínu lífi, segir Freydís Halla sem lagði keppnisskóin á hilluna. 16

TÍMAMÓT Atla Heimis Sveinssonar er minnst á hádegistónleikum á Kjarvalsstöðum í dag. 18

LÍFIÐ Birgir Breiðdal er á leið til Seúl að mála föt utan á módel. 26

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR

Veður



Norðan 5-13 m/s á morgun og dálítil slydduél norðaustanlands, annars bjart með köflum en skúrir suðaustan til. Kólnar heldur fyrir norðan og austan. SJÁ SÍÐU 20

Efnin fundust í töskum á Keflavíkurvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íslendingur í haldi þýsku lögreglunnar

LÖGREGLUMÁL Íslenskur maður er í haldi lögreglu í Þýskalandi vegna meintrar aðildar að fíkniefnasmygli. Í svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að ráðuneytinu sé kunnugt um málið og borgaraþjónustan veiti hefðbundna aðstoð vegna þess.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er mál mannsins tengt rannsókn á innflutningi mikils magns kókaíns til Íslands en fjórir sitja í gæsluvarðhaldi hér á landi vegna rannsóknar þess máls.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær kom fram að málið sem kom upp 12. maí síðastliðinn ætti uppruna sinn í Frankfurt en það voru landamæraverðir í Þýskalandi sem gerðu íslenskum yfirvöldum viðvart um málið. Í kjölfarið voru fjögur ungmenni handtekin hér á landi og úrskurðuð í gæsluvarðhald.

Heimildir blaðsins herma að efnið, allt að 20 kíló af kókaíni, komi frá Brasilíu. Það var falið í ferðatöskum og flutt með farþegavél frá Frankfurt.

Málið er rannsakað af lögreglunni á Suðurnesjum í samstarfi við þýsk lögregluyfirvöld ásamt tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. **– aá**

Tæpar 100 milljónir í barnamenningu

Alls hlutu 36 verkefni styrk í gær úr nýstofnuðum Barnamenningarsjóði Íslands. Styrkirnir, samtals 97 milljónir króna, voru veittir í Alþingishúsinu á degi barnsins. Hæsta styrk hlaut að þessu sinni Borgarbókasafnið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr Alþingishúsinu er að finna á +Plús-síðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

Áfram rætt um orkupakkann

ALÞINGI Fyrsta mál á dagskrá fundar Alþingis, að loknum fyrirspurnatíma, er þingsályktunartillaga utanríkisráðherra um þriðja orkupakkann svokallaða. Fimm voru búnir að setja sig á mælendaskrá í

Þorsteinn Sæmundsson alþingismaður.

gær, allt þingmenn Miðflokksins. Það er eru þeir Karl Gauti Hjaltason, sem flytur sína 25. ræðu um málið, Þorsteinn Sæmundsson, með 32. ræðu sína, Jón Þór Þorvaldsson með 31. ræðuna, Birgir Þórarinsson, sem flytur sína 29. ræðu og Bergþór Ólason, með 23. ræðu sína um orkupakkamálið.

Á dagskrá þingsins í dag eru síðan 26 önnur mál. **– gar**

Hegningarhúsið þarf á annan milljarð króna

Endurbætur á Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg eru ekki hafnar. Áætlað er að 300 milljónir þurfi til að gera húsið upp að utan en einn milljarð króna að lágmarki innanhúss. Enn er óljóst hvaða starfsemi verður þar til framtíðar.

SAMFÉLAG Kostnaður við að koma Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í viðunandi horf að utan er að lágmarki 300 milljónir króna samkvæmt áætlun Ríkiseigna sem falin var umsýsla hússins eftir að það var tekið úr notkun sem fangelsi vorið 2016.

Ekki hefur verið lagt mat á kostnað við endurbætur og viðhald á húsinu að innan en áætlað er þó að sá kostnaður verði ekki undir einum milljarði. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins. Mun kostnaðurinn ekki eingöngu ráðast af ástandi hússins heldur haldast í hendur við möguleika til aðlögunar á innviðum hússins til að tryggja framtíðarnýtingu þess.

Húsið var tekið úr notkun fyrir þremur árum. Í skýrslu sem birt var í janúar 2016 segir að húsið sé meðal elstu og merkilegustu bygginga í eigu ríkisins og gera eigi það upp af myndarskap og í sem upprunalegustu mynd. Húsið liggi undir skemmdum og forgangsverkefni sé að tryggja fjárveitingu til að gera húsið upp.

Vinna við húsið er þó ekki enn hafin. Í svari ráðuneytisins kemur fram að endurbygging gamalla og friðaðra húsa geti verið fjárhagslega áhættusöm og kostnaður auðveldlega orðið mun hærri en gert er ráð fyrir í upphafi. Því þurfi að vanda bæði undirbúning og áætlunargerð. Hins vegar sé ljóst að ekki verði lengi beðið með lagfæringu á þaki hússins og í framhaldi ytra byrði þess þótt beðið verði ákvörðunar um framtíðarnýtingu. Unnið er að því að finna húsinu hlutverk við hæfi og munu endurbætur taka mið af nýju hlutverki þess.

Nían, eins og Hegningarhúsið var kallað meðal þeirra sem þar dvöldu, var tekin úr notkun 1. júní 2016 og bíður yfirhalningar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

» Í skýrslu sem birt var í janúar 2016 segir að Hegningarhúsið á Skólavörðustíg sé meðal elstu og merkilegustu bygginga í eigu ríkisins og gera eigi það upp af myndarskap og í sem upprunalegustu mynd.

Um framtíðarnýtingu segir í svari ráðuneytisins að ekki sé gert ráð fyrir rekstri á vegum ríkisins í húsinu en það bjóði upp á möguleika fyrir fjölmarga aðila fyrir starfsemi sína. Þá hafi verið lögð áhersla á að húsið verði opið almenningi eftir endurgerð þess. Fjölmargar hugmyndir hafa komið fram um starfsemi í húsinu, meðal annars um söfn sem tengjast sögu hússins, veitingasölu og fleira.

Ekki kemur á óvart að margir renni hýru auga til þessa sögufræga húss. Staðsetningin er einkar eftirsóknarverð auk þess sem bakgarður hússins býður upp á marga möguleika.

Framlag til endurbóta hefur ekki verið veitt í fjárlögum undanfarinna ára ef frá eru taldar 37,5 milljónir í fjárlögum fyrir árið 2017. Í fjárlögum ársins 2016 var fjármála- og efnahagsráðherra veitt heimild til að selja húsið en í fjárlögum síðustu ára hefur hann haft heimild til að leigja húsið út.

adalheidur@frettabladid.is

Mest seld í heimi
Nýjasta kynslóð Corollu er komin í þremur glæsilegum gerðum sem taka sig best út með þig undir stýri. Mátaðu þig við kraftmiklar Hybrid útfærslur hlaðbaksins, Corolla Hatchback; stallbaksins, Corolla Sedan eða langbaksins, Corolla Touring Sports. Hver er þín týpa?

2 ára þjónustupakki fylgir með nýrri Corollu, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

3+4 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

HYBRID

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Færri heimsóknir og símtöl til heilsugæslunnar með bókunarvef

HEILBRIGÐISMÁL Heimsóknum og símtölum á heilsugæslustöðvar hefur fækkað umtalsvert frá því að vefurinn Heilsuvera var tekinn í gagnið.

Vefurinn, sem er samstarfsverkefni Embættis landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, gerir íbúum kleift að hafa samband við sína heilsugæslustöð rafrænt, bæði til að bóka tíma og fá svör við fyrirspurnum.

Óskar Sesar Reykdalsson.

Í gegnum Heilsuveru geta íbúar nálgast heilbrigðisupplýsingar um sjálfa frá öllum heilbrigðisstofnunum. Hægt er að fá yfirsýn yfir lyfjanotkun ásamt því að hægt er að sækja rafrænt um endurnýjun lyfseðla.

Í fyrra voru liðlega 65 þúsund erindi afgreidd í gegnum Heilsuveru. Rafrænum fyrirspurnum til heilsugæslunnar fjölgaði um hátt í 17 þúsund milli áranna 2017 og 2018. Á sama tíma fækkaði hefðbundnum viðtölum á heilsugæslustöðvum um liðlega 3.500.

Símtölum fækkaði um 24 þúsund milli ára. Fóru þau úr 384.566 árið 2017 í 360.802 árið 2018.

Óskar S. Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir þetta spara mikinn tíma.

„Við höfum reiknað út að símtalið tekur að meðaltali sjö mínútur. Svörunin í gengum Heilsuveru tekur rúmlega mínútu," segir Óskar. Enn á eftir að fullklára tímabókunarkerfið, það er talsvert flókið verkefni. Huga þurfi vel að öryggi. „Við vonumst til að hægt sé að byrja að nota tímabókunarkerfið í haust."

Framtíð heilbrigðiskerfisins felur í sér meiri rafræn samskipti. Unnið er að því að hægt sé að koma upp fjarfundum, getur þá sjúklingur átt myndbandsviðtal við heilbrigðisstarfsmann og fengið þá lausn sinna mála án þess að þurfa að mæta á staðinn. **– ab**

Tengja á leiðakerfi Strætós við Borgarlínu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Samráð um nýtt kerfi sem tengir við Borgarlínu

SAMGÖNGUR Vinna er nú hafin við endurskoðun leiðakerfis Strætós en markmiðið er að tengja vagna Strætós við stofnleiðanet Borgarlínu. Þá kalla skipulagsbreytingar á Hlemmi og við BSÍ einnig á breytingar á leiðakerfinu.

Almenningur er hvattur til að taka þátt í könnun sem nálgast má á vef Strætós þar sem spurt er um ferðavenjur og viðhorf til almenningssamgangna. Er könnunin hluti samráðsferlis við almenning og hagsmunaaðila.

Faghópur um verkefnið sem skipaður var skipaður í febrúar hefur unnið stefnumótunarvinnu og hefst annar áfangi verkefnisins í júní sem er hönnun og greining á nýju leiðaneti.

Gert er ráð fyrir að drög að tillögu að nýju leiðaneti verði kynnt í september næstkomandi og tillaga til samþykktar liggi fyrir í nóvember. **– sar**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

Segir grafalvarlegt að tala mannréttindadómstól niður

Sigríður Andersen er harðlega gagnrýnd fyrir ummæli um Mannréttindadómstól Evrópu. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir segir afmæliskveðjuna dapurlega og skilaboð Sjálfstæðisflokksins misvísandi. Helga Vala Helgadóttir lýsir áhyggjum af áhrifum viðhorfa Sigríðar á ríkisstjórnina í vinnu við endurreisn dómskerfisins.

Sigríður Á. Andersen sagði af sér eftir dóm MDE. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

DÓMSMÁL „Það er sorglegt að horfa upp á þessi viðhorf Sjálfstæðisflokksins til Mannréttindadómstóls Evrópu á níutíu ára afmæli flokksins," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, um nýfallin ummæli Sigríðar Á. Andersen um Mannréttindadómstól Evrópu og dóm hans í Landsréttarmálinu.

Í grein í Morgunblaðinu í tilefni 90 ára afmælis Sjálfstæðisflokksins kallaði Sigríður nýfallinn dóm MDE atlögu frá pólitískt kjörnum dómurum í Strassborg. Í greininni segir Sigríður það hafa verið sér sár vonbrigði „að sjá íslensk stjórnmál, fjölmiðla og réttarkerfið falla á kné þegar erlend nefnd sem ekkert umboð hefur frá sjálfstæðum Íslendingum gerði atlögu að dómskerfi okkar Íslendinga." Svo lýsir Sigríður því að aldrei í sögunni hafi handhafar ríkisvaldsins fest nýja stofnun í sessi með jafn afgerandi hætti og hún treysti því að þegar frá líði verði litið á atlöguna frá Strassborg sem umboðslaust pólitískt at.

„Þetta er dapurleg afmæliskveðja Sjálfstæðismanna til landsmanna," segir Þorgerður. Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, tekur í sama streng. „Það er grafalvarlegt að fyrrverandi dómsmálaráðherra tali dómstólinn niður á þann hátt sem hún gerir í greininni. Ísland hefur átt aðild að Mannréttindadómstól Evrópu í áratugi og hann hefur fært okkur ýmiss konar réttarbót frá stofnun sem Sigríði, sem er löglærð, ætti að vera kunnugt um," segir Helga Vala.

Helga Vala og Þorgerður velta einnig fyrir sér áhrifum þessa viðhorfa ráðherrans fyrrverandi á meðferð málsins hjá ríkisstjórninni. „Ég hef líka vissar áhyggjur af því að ríkisstjórnin kunni að láta þessa afstöðu Sigríðar til dómstólsins afvegaleiða sig í nauðsynlegri vinnu við endurreisn okkar dómskerfis sem ekki má bíða lengur með að hefja," segir Helga Vala. Þorgerður segir að í ljósi þeirra viðhorfa sem komi fram hjá fyrrverandi dómsmálaráðherra sé ekki að undra hve illa ríkisstjórnin var undir dóminn búin þegar hann féll. „Þessi viðhorf skýra af hverju ríkisstjórnin var ekki betur undirbúin með ýmsum sviðsmyndum eftir því hver niðurstaðan yrði."

adalheidur@frettabladid.is

Margvísleg áhrif af dómum MDE

Fréttablaðið fór yfir sextíu ára sögu sambands Íslands við Mannréttindadómstólsins á laugardaginn, sama dag og grein Sigríðar birtist í Morgunblaðinu. Þar voru rifjuð upp nokkur markverð mál, þeirra á meðal mál Jóns Kristjánssonar sem ók yfir á rauðu ljósi á Akureyri og neitaði að lúta því að sýslumaður bæði rannsakaði málið og dæmdi það. Dómsátt hans og íslenskra stjórnvalda í Strassborg leiddi til umfangsmikilla breytinga á íslensku réttarkerfi með aðskilnaði framkvæmdarvalds og dómsvalds í héraði.

Farið var yfir áhrif dóma MDE á innlenda dómaframkvæmd um mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs en flest mál sem íslenskir borgarar hafa unnið í Strassborg eru tjáningarfrelsismál íslenskra blaðamanna. Þá eru rifjaðir upp dómar um ólögmætar frelsisskerðingar, brot á rétti manna til að standa utan félaga og fleiri mál.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Bernhard - Honda á Íslandi
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA

Telur Sundhöll Keflavíkur nú tapaða

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála segir formann Hollvinasamtaka Sundhallar Keflavíkur sem kærði ákvörðun bæjarstjórnar Reykjanesbæjar um að leyfa niðurrif sundhallarinnar ekki eiga aðild að málinu enda búi hann í 900 metra fjarlægð frá staðnum. Kærunni, sem er frá 11. ágúst í fyrra, var því vísað frá úrskurðarnefndinni.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, formaður Hollvinasamtaka Sundhallar Keflavíkur, í hópi félaga. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

SKIPULAGSMÁL „Þetta mál er því miður tapað," segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, formaður Hollvinasamtaka Sundhallar Keflavíkur.

Ragnheiður Elín kærði í ágúst í fyrra þá ákvörðun bæjarstjórnar Reykjanesbæjar að heimila niðurrif Sundhallar Keflavíkur og að byggð verði þrjú fjölbýlishús á svæðinu. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur nú vísað kærunni frá.

„Kærandi er búsettur í níu hundruð metra fjarlægð frá umræddri sundhöll sem fjarlægja á samkvæmt hinni kærðu deiliskipulagsbreytingu. Verður henni af þeim sökum því ekki játuð kæruaðild á þeim grundvelli að grenndarhagsmunir hennar skerðist," segir í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar.

„Það er fátt sem kemur á óvart," segir Ragnheiður Elín um niðurstöðuna. Henni finnist sláandi að í úrskurðinum sé ekki tekið tillit til almannahagsmuna. „Það er ekkert gert með almannahagsmuni. Það er athyglisvert að þetta skiptir engu í þessu ferli," segir hún og leggur áherslu á að í kærunni hafi sérstaklega verið vísað til menningarsögulegs gildis sundhallarinnar. „Þetta eru ekki mínir einkahagsmunir. Ég hef enga fjárhagslega hagsmuni í málinu."

» Sundhöll Keflavíkur var byggð árið 1945 og teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, þáverandi húsameistara ríkisins, og Bárði Ísleifssyni arkitekt. Sundhöllin stendur enn á sínum stað.

Þá segir Ragnheiður Elín ekki tekið efnislega á því sem hún og Hollvinasamtökin hafi verið að gera athugasemd við varðandi efnis- og formannmarka. „Við sögðum meðal annars í kærunni að þarna hafi sannarlega verið hagsmunatengsl þegar nákominn ættingi eiganda sundhallarinnar afgreiddi málið út úr skipulagsnefndinni. Þeir hagsmunir eru í raun varðir með þessari ákvörðun finnst mér," segir hún.

Í kæru Ragnheiðar Elínar segir að byggt sé á því að tilvist sundhallarinnar hafi almennt og ríkt gildi fyrir alla íbúa Reykjanesbæjar. Hún sé formaður Hollvinasamtaka Sundhallarinnar í Keflavík, sem barist hafi fyrir því að húsið fái að standa áfram.

„Sé það ætlun kæranda að koma einnig fram fyrir hönd Hollvinasamtaka Sundhallar Keflavíkur sé á það bent að félagið geti ekki átt aðild að kærumáli þessu án þess að eiga þá einstaklegu og lögvörðu hagsmuni sem að jafnaði séu skilyrði aðildar á þessu sviði, en ekki liggi fyrir að svo sé," er í úrskurðinum vitnað til málsraka Reykjanesbæjar.

> **Eins mikið og það hryggir mig þá er það eitthvað sem maður þarf að sætta sig við. En ég er ekki ánægð með það.**
>
> Ragnheiður Elín Árnadóttir, formaður Hollvinasamtaka Sundhallar Keflavíkur

Ragnheiður segir í kærunni að bæjaryfirvöld hafi við meðferð málsins ítrekað farið rangt með staðreyndir við framsetningu og kynningu á þeim hluta tillögunnar sem varði sundhöllina. Ekkert tillit hafi verið tekið til athugasemda frá íbúum og þeim hvergi svarað.

Sundhöll Keflavíkur var byggð árið 1945 og teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, þáverandi húsameistara ríkisins, og Bárði Ísleifssyni arkitekt. Sundhöllin stendur enn á sínum stað og engar framkvæmdir eru á lóðinni. Sem fyrr segir telur Ragnheiður Elín að byggingunni verði ekki bjargað úr þessu.

„Eins mikið og það hryggir mig þá er það eitthvað sem maður þarf að sætta sig við. En ég er ekki ánægð með það," segir formaður Hollvinasamtakanna sem leyfir sér þó að halda í örlítinn vonarneista fyrir Sundhöll Keflavíkur. „Ég er að vona að eitthvað annað verði henni til bjargar. Á meðan hún stendur, þá leyfir maður sér að vona."

gar@frettabladid.is.

Tré í bæjarlandi við Hammabraut í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vilja fella tré í bæjarlandi sem skyggja á sólina og á útsýni íbúa í Hafnarfirði

SKIPULAGSMÁL „Víða í bænum eru aspir og greni á bæjarlandi þess valdandi að sólar nýtur ekki við í görðum og útsýni er skert," segir skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar sem leggur til að mjög hávaxin tré á bæjarlandi sem séu íbúum til ama verði felld.

„Sem dæmi um slík tré eru grenitré á Hamrinum, aspir við Strandgötu og Hvammabraut," segir ráðið og hvetur til þess að ákvæðum byggingarreglugerðar varðandi tré og runna á lóðum verði framfylgt. Jafnframt að mörkuð verði skýr stefna um gróðursetningu trjáa á bæjarlandi. „Trjágróður er okkur öllum til yndisauka þar sem það á við," tekur ráðið þó fram. – gar

Grenitré við Hamarinn í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Dauðsföll ekki aðeins biðröðunum að kenna segja ferðamálayfirvöld í Nepal

NEPAL Ferðamálayfirvöld í Nepal segja mikinn fjölda dauðsfalla á Everest-fjalli að undanförnu ekki því einu um að kenna að of margir séu að klífa fjallið á sama tíma. BBC vitnar til yfirmanns ferðamála, Dandu Raj Ghimire, sem segir aðra þætti, þar með talin slæm veðurskilyrði, einnig hafa haft sitt að segja.

Það sem af er þessu ári eru tíu manns ýmist látnir eða þeirra saknað á Everest. Myndir af löngum röðum á tindi þessa hæsta fjalls veraldar hafa vakið mikla athygli. Aldrei hafa fleiri spreytt sig á fjallinu á sama tíma.

Ghimire segir 381 hafa farið á Everest á þessu vori en að veðurskilyrði hafi eingöngu verið góð í stuttan tíma í einu og að fjöldi fjallgöngumanna á leiðunum hafi verið meira en við hefði verið búist. Í yfirlýsingu sagði Ghimire dauðsföllin vera átta og að tveggja sé saknað.

Bretinn Robin Haynes Fisher lést nokkrum mínútum eftir að hann náði tindi Everest á laugardag. Hann var 44 ára gamall að sögn BBC. Þá séu fjórir Indverjar, einn Nepali, Austurríkismaður og Bandaríkjamaður meðal þeirra sem séu látnir eða saknað. Leiðsögumaður á staðnum hafi sagt AFP-fréttastofunni að Indverjinn Nihal Ashpak Bhagwan, hafi látist vegna örmögnunar eftir að hafa verið „fastur í umferðinni í meira en tólf klukkustundir".

Ghimire sagðist senda samúðarkveðjur vegna þeirra sem eru látnir og biðja fyrir þeim sem væri saknað.

„Fjallganga í Himalajafjöllunum er í sjálfu sér ævintýralegt, flókið og viðkvæmt mál sem þarf algera einbeitingu við en samt eru hörmuleg slys óhjákvæmileg," sagði hann.

Þessi mikla biðröð við tind Everest hefur vakið gríðarlega athygli.

> **Fjallganga í Himalajafjöllunum er í sjálfu sér ævintýralegt, flókið og viðkvæmt mál sem þarf algera einbeitingu við en samt eru hörmuleg slys óhjákvæmileg.**
>
> Dandu Raj Ghimire, yfirmaður ferðamála í Nepal

Þrír Íslendingar náðu á topp hæsta fjall heims, Everest, síðastliðinn fimmtudag. Það voru þeir Bjarni Ármannsson, Leifur Örn Svavarsson og Lýður Guðmundsson. Áður höfðu sjö Íslendingar náð tindinum.

Þetta var reyndar í annað sinn sem Leifur Örn stendur á tindi Everest. Hann er einnig eini Íslendingurinn sem hefur farið norðurhlið Everest sem þykir mun erfiðari leið en suðurhliðin.

Þá hafa alls níu Íslendingar náð á tind Everest en Björn Ólafsson, Einar K. Stefánsson og Hallgrímur Magnússon voru fyrstir Íslendinga til að ná þeim áfanga þann 21. maí 1997. – gar

OTA SOL GRYN®

Dagurinn byrjar alltaf vel með OTA hafragrjónum

Aukinn stuðningur við þungunarrof

Í Bandaríkjunum mælist aukinn stuðningur við þungunarrof á sama tíma og æ fleiri ríki sem stjórnað er af Repúblikönum herða sína löggjöf. Á þessu ári hafa alls átta ríki sem stjórnað er af Repúblikönum leitt í lög einhvers konar takmarkanir á þungunarrofi.

BANDARÍKIN Aukinn stuðningur mælist í Bandaríkjunum við að heimila þungunarrof á sama tíma og æ fleiri ríki sem stjórnað er af Repúblikönum herða sína löggjöf, eða jafnvel banna þungunarrof í öllum tilvikum. Niðurstöður nýrrar könnunar Reuters og Ipsos voru birtar í gær.

Samkvæmt niðurstöðunni eru 58 prósent Bandaríkjamanna sammála því að þungunarrof eigi að vera heimilt í nærri öllum tilvikum. Hlutfallið hefur hækkað um 8 prósent frá því í sömu könnun sem framkvæmd var ári áður.

Stuðningur var þó mjög ólíkur eftir því hvaða flokk fólk styður. Um 81 prósent Demókrata var sammála að heimila ætti þungunarrof í nærri öllum tilvikum, á meðan 55 prósent Repúblikana sögðu að þungunarrof ætti að vera bannað í nærri öllum tilvikum.

Á þessu ári hafa alls átta ríki sem stjórnað er af Repúblikönum leitt í lög einhvers konar takmarkanir á þungunarrofi. Í Alabama hefur þungunarrof verið bannað í öllum tilvikum, í Ohio og Georgíu er það heimilt til 6. viku, en svo aðeins í neyð.

Talið er að nýta eigi breytingarnar til að fá Hæstarétt Bandaríkjanna til að endurskoða dóm sinn frá árinu 1973 þar staðfestur var sjálfsákvörðunarréttur kvenna til að rjúfa þungun. Þeir sem eru á móti

Frá mótmælum við nýrri löggjöf um þungunarrof í Georgíu á laugardag. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

» Um 81 prósent Demókrata var sammála að heimila ætti þungunarrof í nærri öllum tilvikum, á meðan 55 prósent Repúblikana sögðu að þungunarrof ætti að vera bannað í nærri öllum tilvikum.

þungunarrofi telja að með nýjum íhaldssömum meirihluta réttarins, í kjölfar skipunar Donalds Trump á tveimur dómurum, verði hægt að snúa dómnum.

Mikill meirihluti Bandaríkjamanna er samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar ekki sammála því að það eigi að banna þungunarrof í öllum tilvikum, en sem dæmi sögðust 80 prósent styðja aðgerðina ef þungun væri af völdum nauðgunar eða kynferðislegrar misnotkunar. Þá sögðust 85 prósent styðja þungunarrof þegar líf móðurinnar væri í hættu og 59 prósent þegar vísbendingar værum um að barnið yrði andlega eða líkamlega fatlað.

58 prósent sögðu að þungunarrof ætti ekki að vera heimilt eftir 20. viku meðgöngu, en 30 prósent sögðu að það ætti að vera heimilt.

lovisa@frettabladid.is

HORFÐU TIL FRAMTÍÐAR MEÐ MAREL

Opið hús í dag kl. 15:00-17:00

15:00 Ásthildur Otharsdóttir, stjórnarformaður Marel, býður gesti velkomna
15:15 **Marel – frá sprota til leiðtoga á heimsvísu**
– Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel
– Linda Jónsdóttir, fjármálastjóri Marel
15:40 **Pallborðsumræður** "Vogarafl síðustu 40 ára til næstu 40 ára"
– Anna Kristín Pálsdóttir, stjórnandi í vöruþróun, stýrir umræðum
– Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi
– Jón Þór Ólafsson, verkfræðingur í vöruþróun og einn af stofnendum Marel
– Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis
– Skúli Sigurðsson, yfirmaður vörusviðs
16:10 **Kafaðu dýpra**
Leiðsögn um framleiðslustöð Marel í Garðabæ
Sýning á vöruþróunartækifærum með sýndarveruleika (Virtual Reality)
17:00 Dagskrá lokið

Skráning á: marel.is/tilframtidar

Atkvæði, gjörið svo vel

Talningarmenn í Evrópuþingskosningunum fá hér nýjan skammt af atkvæðum í Edinborg í Skotlandi. Niðurstöður kosninganna, sem fóru fram í 21 aðildarríki Evrópusambandsins í gær, lágu ekki fyrir er Fréttablaðið fór í prentun. Útlit var fyrir að aukin kjörsókn væri víða um álfuna. Í sjö löndum hafði verið gengið til kosninganna fyrir daginn í gær en beðið var með að birta niðurstöðurnar þar til allar aðildarþjóðirnar höfðu gengið að kjörborðinu. Samkvæmt útgönguspám virtust öfgaflokkar fá minna fylgi en skoðanakannanir höfðu bent til. NORDICPHOTOS/GETTY

Pia Kjærsgaard á Íslandi sumarið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ósátt við fána ESB við ráðhús í Frederiksberg

DANMÖRK Formaður Folketinget, þjóðþings Dana, gagnrýndi í gær að fáni Evrópusambandsins væri dreginn að húni við ráðhúsið í Frederiksberg þar sem var kjörstaður fyrir kosningar til Evrópuþingsins.

„Þau ráða þessu sjálf en mér finnst þetta ekki skynsamleg ákvörðun," sagði Kjærgaard í viðtali við fréttastofu Danmarks Radio. „Því mér finnst að ESB-fáninn aðskilji á meðan Dannebrog [danski þjóðfáninn] sameinar. Og það eru Danir sem ganga til kosninga í dag."

Kjærsgaard, sem er andstæðingur aðildar Danmerkur að Evrópusambandinu, sagði að vissulega væri um ESB-kosningar að ræða. „En það sem þetta snýst um fyrir marga – og mig – er meiri Danmörk og minna ESB. Það má segja að það sé dálítið djarft að flagga ESB-fánanum," sagði þingformaðurinn við DR. **– gar**

+PLÚS

Styrkir til að efla börnin

Alls hlutu 36 verkefni styrk í gær úr nýstofnuðum Barnamenningarsjóði Íslands. Styrkirnir, samtals 97 milljónir króna, voru veittir við hátíðlega athöfn í Alþingishúsinu á degi barnsins. Hæstan styrk hlaut Borgarbókasafnið til að setja upp Söguheiminn Nord. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, voru viðstaddar úthlutunina sem byggði á ákvörðun fimm manna valnefndar. Barnamenningarsjóður Íslands var stofnaður í tilefni aldarafmælis fullveldisins í samræmi við ályktun Alþingis á hátíðarfundi 18. júlí 2018.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Næturþing

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Fyrir örfáum árum var á öllum tímum sólarhrings hægt að fylgjast með sjónvarpsþáttunum Keeping up with the Kattarshians og fræðast um hversdagslíf nokkurra kettlinga sem höfðust við á draumastað þar sem voru kojur, matardallar, alls kyns dót og ýmisleg önnur þægindi sem kettir kunna vel að meta. Eins og katta er háttur sváfu kettlingarnir býsna mikið og þegar þeir voru vakandi voru þeir yfirleitt að borða. Einstaka sinnum brugðu þeir á leik. Þetta var notalegt sjónvarpsefni og yfir því var fallega sakleysislegur blær. Sumir sem vöknuðu um miðja nótt höfðu þess vegna fyrir sið að kveikja á tækjum sínum og fylgjast með þessum litlu kettlingum dálitla stund áður en þeir gerðu aðra atlögu að draumalandinu. Sömuleiðis var ágætt að kveikja á ný um morguninn áður en lagt var út í daginn og kanna ástand kettlinganna. Ætíð var í góðu lagi með þá.

Nokkuð er síðan fréttir bárust af annarri útsendingu. Hún brestur yfirleitt á þegar skyggja tekur og stendur venjulega fram á morgun. Í þeirri útsendingu skiptast þingmenn Miðflokksins á að fara í pontu Alþingis og skrafa hver við annan um þriðja orkupakkann. Í baksýn má sjá þreytulegan forseta Alþingis og enn þreyttari starfsmann þingsins sinna þeirri skyldu sinni að vera viðstaddir þennan einkafund þingmanna Miðflokksins. Þingmennirnir eru furðu brattir miðað við að þeir strita við að tala um miðja nótt þegar heiðarlegur almenningur sefur svefni hinna réttlátu. Þeir hafa ekkert nýtt fram að færa heldur endurtaka hluti sem hafa margoft komið fram og þeir tala líka mikið um Noreg.

Ólíkt kettlingunum er ekkert krúttlegt við þingmennina og endurtekningarsamar raddir þeirra virka svæfandi, sem er ágætt fyrir áhorfandann. Hann getur, ólíkt þingforseta og hinum ólánsama starfsmanni Alþingis, flýtt sér aftur í rúmið, breitt yfir haus og flúið á vit drauma.

Þjóðin á vitanlega í nokkrum erfiðleikum með að skilja hvernig það megi vera að þingmenn eins flokks geti lagt undir sig þinghúsið, tekið forseta þings og starfsmenn í gíslingu og breitt úr sér um nætur og fram á morgun. Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, hefur höfðað til samvisku þingmanna Miðflokksins. Steingrímur á að vita að á þeim bæ eru menn ekki mikið gefnir fyrir að líta í eigin barm og því ansi ólíklegir til að fá samviskubit vegna gjörða sinna. Þetta kom berlega í ljós þegar einn þingmaður Miðflokksins sagðist vera miður sín vegna þess álags sem næturfundirnir sköpuðu starfsfólki þingsins og kenndi forseta Alþingis um þá stöðu. Enn sem fyrr verður það ekki haft af þingmönnum Miðflokksins að þeir sýna óbilandi staðfestu í því að kasta frá sér ábyrgð á gjörðum sínum. Allt þeirra ólán er öðrum að kenna.

Útsendingum frá lífi kettlinganna í kattaparadísinni lauk á sínum tíma og það er einungis tímaspursmál hvenær útsendingum frá einkahjali þingmanna Miðflokksins lýkur. Ólíkt kettlingunum krúttlegu verður þeirra ekki saknað.

Hann getur, ólíkt þingforseta og hinum ólánsama starfsmanni Alþingis, flýtt sér aftur í rúmið, breitt yfir haus og flúið á vit drauma.

Halldór

Frá degi til dags

Erlend nefnd

Nú þegar fyrrverandi dómsmálaráðherra hefur farið á kostum við að koma á laggirnar nýju dómstigi á Íslandi eru viðhorf hennar til alþjóðlegra dómstóla kærkomin, ekki síst „dómstóla“ sem íslenskir borgarar hafa reitt sig á í áraraðir vegna meintra brota á mannréttindum. Mörgum brá reyndar við að fregna að þetta væri ekki annað en ómerkileg útlend nefnd sem hefur hvað eftir annað haft afskipti af málefnum sjálfstæðra Íslendinga af pólitískum hvötum virðist vera.

Stöndum saman

Nefnd þessi, sem stundar víst fátt annað en að bregða pólitískum fæti fyrir heiðvirða stjórnmálamenn, kom því til að mynda til leiðar að framkvæmdarvald og dómsvald í héraði var aðskilið hér á tíunda áratug síðustu aldar, sem aldrei skyldi verið hafa. Sama nefnd hefur hvað eftir annað staðið með íslenskum blaðamönnum og tjáningarfrelsi þeirra. Ekki nóg með að þessi nefnd sé sífellt að skipta sér af málefnum íslenskra borgara heldur eys hún sér einnig mjög reglulega yfir tyrknesk og rússnesk stjórnvöld með umkvörtunum um meint mannréttindabrot. Stjórnmálamenn verða að standa saman.

adalheidur@frettabladid.is

Sameinað Alþingi



Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Staða innflytjenda í menntakerfinu var nýverið til umræðu á Alþingi og var málshefjandi umræðunnar Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir. Umræðurnar snerust mikið til um stöðu barna og ungmenna með annað móðurmál en íslensku. Rannsóknir benda til þess að ein helsta áskorun íslensks menntakerfis sé staða slíkra nemenda en hlúa þarf mun betur að námsframvindu þeirra. Niðurstöður alþjóðlegu menntakönnunarinnar PISA staðfesta mikilvægi þess, skólasókn innflytjenda í framhaldsskóla er minni en annarra nemenda og vísbendingar eru um að brottfall sé algengara meðal þeirra og aðsókn í háskóla minni.

Áskoranir þessara nemenda eru margþættar en tungumálið er óneitanlega sú stærsta. Stjórnvöld leggja nú sérstaka áherslu á að efla íslenskuna á sem flestum sviðum. Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga þess efnis og inniheldur hún heildstæða aðgerðaáætlun í 22 liðum. Í henni er meðal annars lagt til að þeir sem búsettir eru á Íslandi og hafa annað móðurmál en íslensku, börn jafnt sem fullorðnir, fái viðeigandi og jafngild tækifæri til íslenskunáms og stuðning í samræmi við þarfir sínar. Að auki hefur verið settur á laggirnar starfshópur sem Jóhanna Einarsdóttir, prófessor í menntunarfræðum ungra barna, fer fyrir. Sá hópur mun móta heildarstefnu í málefnum barna með annað móðurmál en íslensku. Einnig höfum við þegar gripið til beinna aðgerða til að bæta þjónustu með því að þrefalda framlög til sérstakrar íslenskukennslu.

Það sem var ánægjulegast við þessa sérstöku umræðu í þinginu var sá einhugur sem ríkir um að gera betur í málefnum barna með annað móðurmál en íslensku. Sú þverpólitíska samstaða um að gera betur í þessum efnum er dýrmæt og þótti mér vænt um að heyra innlegg þeirra þingmanna, úr öllum flokkum, sem lögðu sitt af mörkum til hennar. Þingmenn eru tilbúnir í þessa vegferð og vilja bæta þá þjónustu sem við veitum börnunum okkar. Við erum opið og framsækið samfélag sem vill nýta hæfileika allra þeirra sem búa hér. Í sameiningu og samvinnu munum við vinna að umbótum á menntakerfinu, til heilla fyrir samfélagið allt.

Í sameiningu og samvinnu munum við vinna að umbótum á menntakerfinu, til heilla fyrir samfélagið allt.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Hugmynd fyrir þingið

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson

Minnihlutinn hefur samkvæmt þingsköpum aðeins eitt vopn: Að tala. Í krafti þess hefur raunin því miður orðið sú að minnihlutinn ræður. Hann hefur töglin og hagldirnar. Það gengur auðvitað ekki.

Það er fastur liður á vorin, álíka fyrirsjáanlegt og að Ísland vinni ekki Eurovision, að einhverjir fulltrúar á Alþingi Íslendinga finni til málæðis. Það er svolítið eins og þeim sé sleppt út líkt og kúm og þeir hlaupi í æðibunu um lendur stjórnmálanna. Sól hækkar. Hiti vex. Gras grænkar. Fólk almennt brosir. Inni á þingi skilar þessi vorkoma og aukna bjartsýni sér hins vegar iðulega í því, á einhvern lífeðlisfræðilegan máta, að í brjóstum sumra þingmanna brýst fram þörf til að tala. Menn vilja eiga ræðustólinn. Þeir vilja stoppa mál. Þeir gera sig þvera. Þeir tala á næturnar.

David Attenborough gæti vafalítið gert um þetta góðan þátt. Koma mætti fyrir alls konar myndavélum í þingsal, örmyndavélum og infra-rauðum til næturtöku, og safna efni í mörg ár. Niðurstaðan yrði mögnuð dýralífsmynd um hegðun miðaldra karldýra í lokuðum rýmum á norðurslóðum að vorlagi.

Hvað á að gera í þessu? Þetta er alltaf jafn ömurlegt. Málþóf á þingi er illskiljanlegt öllu venjulegu fólki, lítur út eins og fáránleg vitleysa og er skammarblettur á þingstörfum. Meira óskiljanlegt er þó hitt, að í mörg ár hefur legið fyrir að reglur um þingfundi, svokölluð þingsköp, eru í meira lagi gölluð. Þau bjóða upp á þessa vitleysu.

Minnihlutinn ræður

Í liðinni viku hertóku Miðflokksmenn ræðustól Alþingis og hófu þar tal sitt. Edrú, held ég. Þeim hugnast ekki þingsályktunartillaga um þriðja orkupakkann, svokallaða, sem hefur samt verið í umræðu og skoðun hér á landi í hátt í áratug, og var upphaflega samþykktur í öllum megindráttum af þeim sjálfum. Gott og vel. Þingmenn mega auðvitað vera á móti. Allir hafa rétt á sinni skoðun og sannfæringu. Fólk má líka skipta um skoðun. Allt er þetta leyfilegt og eðlilegt. Í þingstörfum hins vegar verður að ríkja einhvers konar skilningur á tvennu, og jafnvægi milli þeirra sjónarmiða: 1) Meirihlutinn verður að ráða á einhverjum tímapunkti. Það er í anda lýðræðisins. 2) Minnihlutinn verður að hafa einhver áhrif. Það er líka lýðræðislegt og ákaflega oft til bóta.

Það verður að segjast eins og er, að þingsköpum hefur því miður verið þannig háttað um nokkurra ára skeið, að jafnvægi milli þessara sjónarmiða ríkir engan veginn. Minnihlutinn hefur samkvæmt þingsköpum aðeins eitt vopn: Að tala. Í krafti þess hefur raunin því miður orðið sú að minnihlutinn ræður. Hann hefur töglin og hagldirnar. Það gengur auðvitað ekki.

Gallinn er þessi

Reglum um ræðutíma var breytt fyrir nokkrum árum. Áður fyrr máttu þingmenn ekki fara oft í pontu, en þeir máttu hins vegar tala eins lengi og þeir vildu. Málþóf voru því með þeim hætti, að þingmenn töluðu í fimm, sex, sjö tíma, jafnvel, og lásu upphátt heilu bækurnar. Allt þangað til þeir þurftu að fara á klósettið, sem var auðvitað alltaf vonbrigði fyrir hlutaðeigandi þingmann, en brýnt. Þetta þótti bagalegt fyrir ásýnd þingsins. Þessu var breytt. Ákveðið var að takmarka ræðutíma.

Eitt sáu menn ekki fyrir: Nú geta þingmenn farið upp í pontu aftur og aftur. Þeir geta farið endalaust upp í pontu og haldið stuttar ræður. Fyrir málþófspésa er þetta í raun miklu hentugra fyrirkomulag. Haldin er stutt ræða um alls kyns þrúgandi álitaefni með tilheyrandi handahreyfingum. Samflokksmenn fara í andsvör. Mínúturnar safnast upp. Svo endurtekur samherji þetta ferli, á meðan hinn fer að pissa, tékkar á netinu eða horfir á Netflix. Svo er þetta endurtekið. Aftur og aftur. Í raun geta tveir þingmenn, með því að skiptast á (og þess eru dæmi), haldið þinginu í gíslingu eins lengi og þeim sýnist.

Til eru ákvæði í þingsköpum sem segja að viss fjöldi þingmanna geti stöðvað umræðu og farið fram á atkvæðagreiðslu. Af hverju er þessu ákvæði ekki beitt, er stundum spurt. Ástæðan er einföld: Ef þessu ákvæði yrði beitt til að stöðva umræðu um eitt tiltekið ágreiningsmál, þá yrði niðurstaðan einfaldlega sú að málþófsmenn myndu stöðva öll önnur mál. Ákvæðinu þyrfti því að beita um öll mál. Og jafnvel þótt það yrði gert, gætu málþófsmenn samt farið í pontu út af alls konar öðrum ástæðum.

Undarleg tregða

Þannig að: Málþóf er plága. Margir hafa í gegnum tíðina ljáð máls á því að breyta þessu. Besta leiðin væri sú, að vopn minnihlutans til að hafa áhrif fælist frekar í því að geta skotið ágreiningi til þjóðarinnar. Það væri á allan hátt heilbrigðara og lýðræðislegra.

Einhverra hluta vegna stendur ekki vilji til þess. Menn vilja frekar málæðið. Það er rannsóknarefni í sjálfu sér. En jæja. Kannski þarf bara að hugsa aðeins út fyrir boxið. Hér er þá önnur tillaga að lausn: Skiptum salnum upp í 63 lítil rými og höfum púlt inni í hverju þeirra. Hver þingmaður getur talað í sínu púlti að vild og má taka púltið með heim til sín. Ok?

ÚRVAL ÚTSÝN

KANARÍDAGAR

VIKULEGT FLUG MEÐ ICELANDAIR

ÍSLENSK FARARSTJÓRN — SKOÐUNARFERÐIR Í BOÐI

VERÐ FRÁ 62.900 KR

Á Kanarí er úrval fjölbreyttra gistinga á góðu verði og dásamlegar strendur. Þar er afþreying í boði fyrir alla aldurshópa, vatns- og skemmtigarðar, golfvellir, vatnaíþróttir og margt fleira.

Við bjóðum upp á vikulegt flug með Icelandair í sumar. Afþeyingarkerfi og betri sæti í boði um borð.

Finndu þitt draumafrí á Kanarí með Úrval Útsýn. Hagstæður valkostur, glæsileg hótel og góðar íbúðagistingar.

CORDIAL MOGAN VALLE ***
PUERTO DE MOGAN

3. – 10. JÚNÍ
Íbúð með einu svefnherbergi.
VERÐ FRÁ **62.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 68.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.

TENEGUIA**
ENSKA STRÖNDIN

10. – 17. JÚNÍ
Íbúð með einu svefnherbergi og sundlaugarsýn.
VERÐ FRÁ **77.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 89.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

BUNGALOWS PARQUE PARAISO 2 **
ENSKA STRÖNDIN

17.–24. JÚNÍ
Smáhýsi með tveimur svefnherbergjum.
VERÐ FRÁ **94.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn.
Verð frá 99.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna og tvö börn.

MIRADOR MASPALOMAS BY DUNAS ***
MASPALOMAS

ALLT INNIFALIÐ

24. JÚNÍ – 1. JÚLÍ
Tvíbýli með sundlaugarsýn og allt innifalið.
VERÐ FRÁ **124.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 138.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

VITAL SUITES ****
MASPALOMAS

1. – 8. JÚLÍ
Junior svíta með morgunverði.
VERÐ FRÁ **132.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 154.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

BARBACÁN SOL ****
ENSKA STRÖNDIN

15.–22. JÚLÍ
Íbúð með einu svefnherbergi og morgunverði
VERÐ FRÁ **125.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 143.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

INNIFALIÐ Í VERÐI ER FLUG, GISTING, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA OG HANDFARANGUR.

ICELANDAIR

FERÐASKRIFSTOFA
FERÐA MÁLA STOFA
LEYFISHAFI
2007-020

2018
Framúrskarandi fyrirtæki

BUNGALOWS PARQUE CRISTOBAL ***
ENSKA STRÖNDIN



12. - 19. ÁGÚST
Smáhýsi með tveimur svefnherbergjum.

VERÐ FRÁ **93.900 KR.**
Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 126.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

RIU PALACE OASIS *****
MASPALOMAS

LÚXUS GISTING
HÁLFT FÆÐI

12. – 19. ÁGÚST
Tvíbýli með garðsýn og hálfu fæði.

VERÐ FRÁ **139.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 163.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

SUITES & VILLAS BY DUNAS ****
MASPALOMAS

HÁLFT FÆÐI

19.–26. ÁGÚST
Senior svíta með hálfu fæði.

VERÐ FRÁ **143.900 KR.**
Verð á mann m.v. 4 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 173.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

BULL EUGENIA VICTORIA & SPA ****
ENSKA STRÖNDIN

HÁLFT FÆÐI

26. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER
Tvíbýli með hálfu fæði.

VERÐ FRÁ **115.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 125.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

LOPESAN BAOBAB RESORT *****
KANARÍ

2. – 9. SEPTEMBER
Tvíbýli með morgunverði.

VERÐ FRÁ **129.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 153.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna..

SJÁÐU MEIRA Á URVALUTSYN.IS

TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGJAFA
Í SÍMA **585 4000** EÐA SENDU
OKKUR PÓST Á **INFO@UU.IS**

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

Vandræði Íslandsmeistaranna halda áfram

Valsmenn eru áfram í stökustu vandræðum í Pepsi Max-deild karla eftir leiki helgarinnar. Blikar heimsóttu Valsmenn í gær og unnu verðskuldaðan 1-0 sigur. Íslandsmeistarar síðustu tveggja ára eru með fjögur stig eftir sex umferðir, tólf stigum á eftir toppliði ÍA og hafa aðeins unnið einn leik. Er þetta versta titilvörn félags eftir sex umferðir eftir aldamót ásamt því að Valur er úr leik í bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Finnar tóku gullið á HM

ÍSHOKKÍ Finnska landsliðið í íshokkíi tryggði sér heimsmeistaratitilinn með 3-1 sigri á Kanada í Slóvakíu í gær og er þetta í þriðja sinn sem Finnar taka gullverðlaunin.

Kanada hefur verið í sérflokki á HM í íshokkíi undanfarin ár og var á leið að 27. meistaratitlinum sem hefði jafnað met Rússa yfir flesta sigra á HM.

Líkt og í riðlakeppninni voru það Finnar sem fóru með 3-1 sigur í Bratislava í gær. Kanada komst yfir í fyrsta leikhluta en Marko Anttila kom Finnum 2-1 yfir áður en Harri Pesonen innsiglaði sigur Finna fjórum mínútum fyrir leikslok. - kpt

Valdís í 24. sæti í Frakklandi

GOLF Atvinnukylfingurinn Valdís Þóra Jónsdóttir deildi 24. sæti á sjö höggum yfir pari á Jabra Ladies Open golfmótinu sem fór fram í Frakklandi um helgina. Mótið var hluti af Evrópumótaröðinni og fékk Valdís um tvö þúsund evrur í sinn hlut. Skagamærin lék best á lokahringnum þegar Valdís kom í hús á einu höggi yfir pari með tvo skolla, skramba og þrjá fugla.

Valdís Þóra er í 69. sæti á heildarstigalista mótaraðarinnar. Næsta mót fer fram í Taílandi í lok júní. – kpt

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Reykjavík
Bíldshöfði 8
515 7040

Akureyri
Tryggvabraut 5
515 7050

mazda.is

Komdu núna og nýttu þér þetta frábæra sumartilboð á Mazda2!

Fólk
Lífsstíll
MÁNUDAGUR 27. MAÍ 2019

FÓTBOLTI Tyrkneskir fjölmiðlar fullyrtu um helgina að stórveldið Galatasaray hefði áhuga á að semja við íslenska landsliðsframherjann Alfreð Finnbogason. Alfreð á aðeins eitt ár eftir af samningi sínum hjá Augsburg í Þýskalandi þar sem hann er varafyrirliði Augsburg.

Áhugi Galatasaray á Alfreði er ekki nýr af nálinni en tyrkneskir fjölmiðlar fullyrtu í vetur að Augsburg hefði hafnað tilboði frá Galatasaray upp á sex milljónir evra fyrir íslenska landsliðsframherjann.

Í sautján leikjum með Augsburg á tímabilinu skoraði Alfreð tíu mörk en meiðsli settu strik í reikninginn hjá þessum markahrók. **– kpt**

Fékk gullskóinn þriðja árið í röð

FÓTBOLTI Argentínumaðurinn Lionel Messi fékk gullskóinn í Evrópu í sjötta sinn og þriðja árið í röð eftir að í ljós kom í gær að enginn nær Messi þetta árið. Messi skoraði 36 mörk þetta tímabilið og er þrettándi sigurvegarinn úr spænsku deildinni síðustu fjórtán ár.

Ungstirnið Kylian Mbappe lenti í öðru sæti með 30 mörk og gamla brýnið frá Ítalíu Fabio Quagliarella í því þriðja með 26 mörk. Fjórða sætið tók Mbaye Diagne, framherji hjá Galatasaray, sem skoraði 30 mörk en mörk í lakari deildum telja ekki jafn mikið í keppninni um gullskóinn.

Alls er þetta í sjötta sinn sem Messi tekur gullskóinn í Evrópu og eykur hann því forskot sitt á Cristiano Ronaldo sem hefur hreppt gullskóinn fjórum sinnum, þrisvar sem leikmaður Real Madrid og einu sinni sem leikmaður Manchester United. **– kpt**



Freydís Halla, hér fremst sem fánaberi Íslands á Vetrarólympíuleikunum í Pyeonchang árið 2018 þar sem hún lenti í 41. sæti í svigi. NORDICPHOTOS/GETTY

Þetta eru fín kaflaskil í lífinu

Ein fremsta skíðakona landsins, Freydís Halla Einarsdóttir, tilkynnti það á dögunum að hún væri hætt að keppa, 24 ára gömul. Einn af hápunktunum var þegar hún var fánaberi Íslands á Ólympíuleikunum.

SKÍÐI Ein fremsta skíðakona landsins undanfarin ár, Freydís Halla Einarsdóttir, tilkynnti það á dögunum að keppnisskíðin væru á leiðinni á hilluna í bili þrátt fyrir að hún sé aðeins 24 ára gömul. Freydís fór sautján ára í fyrsta sinn á HM og vann sex alþjóðleg FIS-mót erlendis. Hún náði efst í 165. sæti heimslistans í svigi og varð sjö sinnum Íslandsmeistari á ferlinum.

„Nei, samt er tilfinningin bara góð, ég er búin að hugsa þetta í vetur og komst að þessari niðurstöðu," segir Freydís hlæjandi þegar undirritaður ber undir hana að þetta sé enginn aldur til að hætta í afreksíþróttum.

Freydís er komin heim eftir að hafa verið undanfarin ár við nám í Plymouth State-háskólanum í Bandaríkjunum þar sem hún lærði þjálfunar- og lífeðlisfræði (e. exercise physiology) ásamt því að æfa og keppa fyrir skíðalið skólans. Aðspurð segir Freydís að hún hafi verið að hugsa hvert næsta skref yrði eftir háskólanámið og tók hún ákvörðun um að leggja keppnisskíðin á hilluna í bili.

„Þetta var engin skyndiákvörðun, ég er búin að hugsa vel um þetta. Ég vissi að þegar ég væri búin að útskrifast þá gæti ég ekki lengur verið að skíða og keppa fyrir háskólann eins og síðustu fjögur ár. Sá möguleiki sem ég hafði til að halda áfram var að flytja aftur til Íslands og vera með landsliðinu en því fylgir mikill kostnaður og ferðalög. Það er eitthvað sem ég hef gert áður og ég var ekki tilbúin að fara í það aftur og tók því þessa ákvörðun. Maður þarf að gefa sér mikinn tíma og afla penings til að halda áfram á hæsta stigi og ég hafði ekki áhuga á að halda því áfram að svo stöddu. Þetta eru fín kaflaskil í lífinu til að hefja eitthvað nýtt," segir Freydís sem er að skoða möguleikann á að fá vinnu vestanhafs.

Freydís segist ekki vera búin að ákveða hvort hún bjóðist til að aðstoða Skíðasamband Íslands í ljósi menntunar sinnar og reynslu.



Freydís Halla Einarsdóttir, hér á hraðferð í svigi á Vetrarólympíuleikunum í Pyeonchang þar sem hún náði 41. sæti. Hún fór fögrum orðum um minninguna af því að hafa keppt á hæsta stigi skíðaíþróttarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Maður þarf að gefa sér mikinn tíma og afla penings til að halda áfram á hæsta stigi og ég hafði ekki áhuga á að halda því áfram að svo stöddu.**
>
> Freydís Halla Einarsdóttir

„Ég er ekki búin að ákveða neitt en það er aldrei að vita. Ég mun halda áfram að skíða eitthvað sem áhugamaður og leika mér í fjallinu. Ég mun hjálpa til ef Skíðasambandið óskar eftir því að fá aðstoð en annars er ekkert komið á hreint," segir Freydís sem útilokar ekki að hún taki þátt í móti á Íslandi á næsta tímabili.

„Það er aldrei að vita, ef mann er farið að klæja í að komast á skíði, nema ég taki þátt í móti á Íslandi en kannski verður enginn áhugi og ég fer sem áhorfandi," segir Freydís létt.

Freydís á ekki erfitt með að svara hver hápunktur ferilsins sé.

„Það eru Ólympíuleikarnir, það er eitt af því stærsta sem ég tek með mér úr ferlinum. Að hafa fengið að fara þangað til Suður-Kóreu og upplifa allt annað en ég þekkti áður ofan á að fá að keppa á stærsta sviði íþróttanna," segir Freydís sem var fánaberi á Vetrarólympíuleikunum í Pyeonchang.

„Það var ofboðslegur heiður og mögnuð upplifun. Það er eitthvað sem ég mun alltaf muna eftir og taka með mér."

Þá fór Freydís fjórum sinnum á HM og náði silfurverðlaunum á HM unglinga árið 2011.

„Ég fékk silfur í mínum aldursflokki sem er skemmtilegt og eftirminnilegt. Sú sem vann, Petra Vlhová, er núna ein af bestu skíðakonum heims og það er gaman að hafa verið að berjast við hana á svona móti."

kristinnpall@frettabladid.is

Miðasöluhneyksli skekur HM

FIFA hefur fengið sinn skerf af gagnrýni um helgina vegna miðasölunnar á Heimsmeistaramót kvenna. Vinir sem keyptu miða saman fá ekki að sitja saman. FIFA ætlar þó að skoða hvort fjölskyldur geti setið saman.

Það er ekki víst að þessi pjakkur fái að sitja með foreldrum sínum fari hann á leiki á HM kvenna. NORDICPHOTOS/GETTY

FÓTBOLTI „Undantekning gæti verið gerð fyrir foreldra sem sitja ekki við hlið barna sinna sem eru yngri en 18 ára," segir FIFA á Twitter-reikningi sínum en FIFA hefur fengið holskeflu af gagnrýni yfir sig eftir að í ljós kom að þótt miðar séu keyptir á sama tíma séu sætin ekki við hliðina á hvert öðru.

Fjögurra manna fjölskylda með börn sem eru 18 ára og 16 ára fær kannski að sitja þannig að foreldrarnir séu við hlið þess 16 ára en sá sem er 18 ára þarf að vera einhvers staðar annars staðar. Vinir fá ekki að sitja saman og eru aðdáendur allt annað en sáttir. Segja má að Twitter-reikningur FIFA logi vegna málsins og ekki eru svörin til þess fallin að lækka hitann á reikningnum.

Washinton Post segir frá Victoria Amira sem fékk þrjár vinkonur sínar til að koma á mótið sem haldið er í Frakklandi. Amira er eini fótboltaáhugamaðurinn en hinar ætluðu að njóta þess að vera í Frakklandi og skoða vínbúgarða og borða góðan mat. Vinkonurnar fjórar sitja allar hver á sínum staðnum á leikjunum og þurfa að fara inn á mismunandi stöðum.

„Þetta myndi aldrei gerast á HM karla. Aldrei," segir Anelise Cimino, knattspyrnudómari í Washington, en hún ætlar að fara með fjölskyldu sinni á heimsmeistaramótið. Þau munu ekki sitja hlið við hlið. „Við erum búin að setja svo mikinn pening í þetta ferðalag og getum ekki hætt við núna. Það er búið að borga fyrir flugið og þar sitjum við saman – en ekki á völlunum," segir Cimino við blaðið og er langt frá því að vera skemmt.

Nick O'Brian, fótboltaþjálfari í Washington, keypti fimm miða á undanúrslitin og úrslitaleikinn. Hann fékk sæti á undanúrslitaleikinn í fjórðu röð og eru fyrstu fjórir miðarnir í sæti nálægt hvert öðru en fimmta sætið er fjórum röðum aftar. „Þetta skiptir mig svo sem ekkert höfuðmáli en auðvitað væri betra að sitja við hlið fjölskyldu sinnar og njóta leikjanna saman. Ég hef aldrei heyrt um svona áður," segir þjálfarinn við blaðið.

Blaðið tekur enn fleiri dæmi og eru þau öll á sama veg. Fleiri stórblöð um heiminn hafa tekið enn fleiri dæmi en FIFA ætlar ekki að viðurkenna mistök. Heimsmeistaramótið byrjar þann 7. júní en spilað er í níu borgum, París, Valenciennes, Le Havre, Grenoble, Reims, Montpellier, Nice og Lyon þar sem úrslitaleikurinn fer fram.

benediktboas@frettabladid.is

Leika til úrslita í fyrsta sinn

NBA Toronto Raptors leikur til úrslita í NBA-deildinni í fyrsta sinn í sögu félagsins eftir að Raptors vann 100-94 sigur á Milwaukee Bucks um helgina og samanlagðan 4-2 sigur í einvígi liðanna í úrslitum Austurdeildarinnar. Eftir að Bucks vann fyrstu tvo leiki liðanna á heimavelli tókst Toronto að snúa taflinu sér í hag og vinna síðustu fjóra leikina.

Kawhi Leonard sem kom til Toronto frá San Antonio Spurs til að koma liðinu yfir þröskuldinn átti enn einn stórleikinn þegar Toronto komst áfram. Undanfarin ár hefur LeBron James einokað Austurdeildina og hans lið leikið til úrslita en eftir brotthvarf LeBron til Los Angeles og komu Kawhi til Toronto er félagið skyndilega einu úrslitaeinvígi frá meistaratitlinum.

Það verður því Toronto Raptors sem fær það hlutverk að stöðva hið ógnarsterka lið Golden State Warriors. Warriors leikur til úrslita fyrir hönd Vesturdeildarinnar fimmta árið í röð og er í leit að fjórða meistaratitli félagsins á síðustu fimm árum.

–kpt

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

27. MAÍ 2019 MÁNUDAGUR

Merkisatburðir

1746 Sett er tilskipun um húsvitjanir og skulu prestar húsvitja minnst tvisvar á ári.

1857 Settar eru reglur um að danskir embættismenn verði að standast íslenskupróf til að fá stöður á Íslandi.

1962 Sveitarstjórnarkosningar á Íslandi.

1981 Fjórir menn farast í flugslysi á Holtavörðuheiði og finnst flak vélarinnar ekki fyrr en 10. júní þrátt fyrir mikla leit.

Ólafur Jóhann Ólafsson rithöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

1982 **Ólafur Jóhann Ólafsson** lýkur stúdentsprófi með hæstu einkunn sem gefin hefur verið (9,67) frá Menntaskólanum í Reykjavík.

1982 **Davíð Oddsson** tekur við starfi borgarstjóra í Reykjavík af Agli Skúla Ingibergssyni.

1982 Falklandseyjastríðið: Orrustan um Goose Green hefst.

1983 Hús verslunarinnar í Reykjavík er tekið í notkun.

Davíð Oddsson varð borgarstjóri árið 1982. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

1991 Landsbankinn yfirtekur rekstur Samvinnubankans.

2006 Sveitarstjórnarkosningar eru haldnar á Íslandi.

2006 Jarðskjálfti af stærðargráðunni 6,3 á Richter verður á eyjunni Jövu í Indónesíu. Yfir 6.000 manns farast, 36 þúsund slasast og um ein og hálf milljón manns missir heimili sín.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

Stefáns Friðbjarnarsonar

fyrrverandi bæjarstjóra og blaðamanns, frá Siglufirði.

Sigmundur Stefánsson
Kjartan Stefánsson
Sigríður Stefánsdóttir
Gunnar Svavarsson
Elísabet Kristinsdóttir
Guðrún Sigurðardóttir
Ellen Árnadóttir
Lára Sveinsdóttir
barnabörn og langafabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurbjörg Njálsdóttir

sjúkraliði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 22. maí. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 31. maí kl. 13.00.

Helga Gísladóttir
Kristín Gísladóttir
Njáll Gíslason
Sigurður Gíslason
Stefán Kristjánsson
Íris Stefánsdóttir
Guðný Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

Jane Ado Sutarjo, Guðný Guðmundsdóttir og Hildigunnur Einarsdóttir standa fyrir tónleikunum.

Atla Heimis minnst á Hádegistónum

Léttir hádegistónleikar þar sem minning tónskáldsins Atla Heimis Sveinssonar verður heiðruð verða á Kjarvalsstöðum í dag. Listrænn stjórnandi Hádegistóna segir tónleikaröðina ætlaða öllum.

Minning Atla Heimis Sveinssonar verður heiðruð í dag með flutningi á nokkrum völdum Jónasarlögum hans á Hádegistónum klukkan 12.15 á Kjarvalsstöðum. Á efnisskrá eru einnig Vókalísan eftir Rachmaninoff, Dans le soir eftir C. Saint-Saëns og Zwei Gesänge; op. 91 eftir Johannes Brahms.

„Þegar Atli féll frá kom hugmyndin um að heiðra minningu hans með tónlistarflutningi á Hádegistónum strax upp, þetta eru léttir hádegistónleikar með þekktum tónlistarperlum og okkur fannst það við hæfi að velja nokkur lög eftir hann til flutnings meðfram öðrum þekktum tónverkum," segir Guðný Guðmundsdóttir.

Atli Heimir lést í apríl síðastliðnum, áttræður að aldri, en Atli var á meðal virtustu tónskálda Íslands og eftir hann liggur fjöldi tónverka, þar á meðal tíu einleikskonsertar og sex sinfóníur, auk fjölda einleiks- og kammerverka.

Flytjendur verða Hildigunnur Einarsdóttir mezzosópran, Jane Ade Sutarjo verður við flygilinn og fiðlu- og víóluleikur verður í höndum Guðnýjar Guðmundsdóttur, sem jafnframt er listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar, sem hóf göngu sína um áramótin. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá skipuleggjendum hátíðarinnar.

Atli Heimir Sveinsson tónskáld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég hef lagt mikla áherslu á að allir geti komið á Kjarvalsstaði, bæði fátækir og ríkir.

Guðný Guðmundsdóttir, listrænn stjórnandi Hádegistóna

„Tónleikaröðin Hádegistónar hóf göngu sína í janúar á þessu ári og eru haldnir í þeim tilgangi að fólk geti komið saman og slappað af og notið tónlistarinnar. Tónleikarnir eru í kring um 50 mínútur og aðgangur er ókeypis. Ég hef lagt mikla áherslu á að allir geti komið á Kjarvalsstaði, bæði fátækir og ríkir. Margir af þeim sem sækja tónleikana eru komnir á eftirlaun og mér finnst bara sjálfsagt að það sé hægt að veita þessa þjónustu," segir Guðný.

palmik@frettabladid.is

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Eyjardalsvirkjun, Þingeyjarsveit

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **28. júní 2019.**

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Kópavogi.

Brekkuhvarf 1a og 1b. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 14. maí 2019 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Brekkuhvarf 1a og 1b. Í breytingunni felst að í stað tveggja lóða fyrir einbýlishús á 1-2 hæðum og nýtingarhlutfalli 0,38 er gert ráð fyrir þremur parhúsum á 2 hæðum. Hver íbúð er áætluð um 180 m2 að samanlögðum gólffleti. Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum á íbúð. Nýtingarhlutfall er áætlað 0,57. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 6. maí 2019. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Smárinn vestan Reykjanesbrautar. Reitir A05 og A06. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 14. maí 2019 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir reiti A05 og A06 í Smáranum vestan Reykjanesbrautar. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Smáralind í norður, aðkomugötu að Smáralind frá hringtorgi á Hagasmára í austur og Silfursmára og Hagasmára í suður og vestur. Í breytingunni felst sameining tveggja lóða á svæðinu og endurskoðun byggingarreita. Áfram er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun á svæðinu þ.e. atvinnuhúsnæði með skrifstofu- og verslunarrekstri með íbúðum á efri hæðum í húsum sem verða 1-5 hæðir. Hæðarskil húsa er leiðbeinandi. Fyrirhugað byggingarmagn á reitunum er óbreytt miðað við gildandi deiliskipulag. Fjöldi bílastæða eru óbreyttur miðað við gildandi deiliskipulag en fyrirkomulag þeirra breytist. Greinargerð, uppdrættir og skýringarmyndir í mælikvarða 1:1000 dags. 26. apríl 2019. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur eru aðgengilegar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögunar. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 9. júlí 2019.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Kópavogsbær

kopavogur.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Norðan 5-13 m/s í dag og dálítil slydduél norðaustanlands, annars bjart með köflum en skúrir suðaustan til. Kólnar heldur fyrir norðan og austan.

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
11 °C, 5	5 °C, 4 ←	5 °C, 6 ↓
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
4 °C, 8 ↙	12 °C, 6 ↙	6 °C, 6 ↓

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
10 °C, 6 ↙	2 °C, 7 ↙	4 °C, 8 ↓
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
4 °C, 8 ↘	9 °C, 7 ↙	2 °C, 9 ↙

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8 °C, 4 ↙	2 °C, 4 ↙	1 °C, 3 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C, 4 ↘	8 °C, 2 ←	0 °C, 7 ↓

LÉTT

				2	6	1	3	7
2	9		3		7		4	
			5			6		
	1			8		3	2	
5	8		6			4		
		7	1	9		8	5	
		1						
					3		1	
4	5	2						

MIÐLUNGS

		8	1			2		
3			2		4	9	8	
			3			4	6	5
		1		9	8			
			5		1			9
4			6		7	3		
				5	2			
	2					5	7	
		7					2	3

ÞUNG

		7	1		3		6	
	2		6			7		
1	5		4		7		8	2
6		5						
	3	8			6			
	7			1	4	6		
5		1					4	
					9			3
8				4		9	2	

Krossgáta

LÁRÉTT
1. steintegund
5. metaskál
6. tveir eins
8. hugsýnn
10. átt
11. hyggja
12. hinkra
13. ásláttur
15. gerð
17. fiskilína

LÓÐRÉTT
1. fréttast
2. þrá
3. tál
4. fyrirferð
7. þesslegur
9. slóði
12. skaði
14. gröf
16. ónefndur



LÁRÉTT: **1.** kvars, **5.** vog, **6.** tt, **8.** innsær, **10.** sa, **11.** trú, **12.** bíða, **13.** slag, **15.** tegund, **17.** girni.
LÓÐRÉTT: **1.** kvísast, **2.** vona, **3.** agn, **4.** stærð, **7.** truflandi, **9.** stígur, **12.** bagl, **14.** leg, **16.** nn.

Skák

Gunnar Björnsson

Tiger Hillarp Persson (2.563) átti leik gegn Símoni Þórhallssyni (2.184) á opna Íslandsmótinu í skák – Icelandic Open – í gær.

31. Be6! Dxf4 32. Bxf7+! Hxf7 33. De8+! 1-0.

Níu skákmenn höfðu fullt hús eftir tvær umferðir. Þriðja umferð fór fram í gærkveldi. 59 skákmenn tefla á mótinu og þar af 10 erlendir. Teflt er til minningar um Guðmund Arason, fyrrverandi forseta Skáksambandsins, en í ár eru 100 ár liðin frá fæðingu hans. **www.skak.is:** Allt um Íslandsmótið – fjórða umferð hefst kl. 15.

Hvítur á leik

1	9	7	8	3	5	2	4	6
2	4	5	9	6	7	1	3	8
8	6	3	1	4	2	9	5	7
3	7	1	6	5	4	8	9	2
4	5	8	2	7	9	3	6	1
9	2	6	3	8	1	4	7	5
5	1	9	4	2	6	7	8	3
6	3	2	7	9	8	5	1	4
7	8	4	5	1	3	6	2	9

2	1	5	8	4	6	9	3	7
6	8	9	3	5	7	2	1	4
3	7	4	1	2	9	5	6	8
7	2	1	6	8	3	4	5	9
5	6	8	9	7	4	1	2	3
9	4	3	5	1	2	7	8	6
4	3	2	7	6	5	8	9	1
8	9	7	2	3	1	6	4	5
1	5	6	4	9	8	3	7	2

3	7	9	4	5	1	6	8	2
5	8	4	6	7	2	9	3	1
6	1	2	3	8	9	4	5	7
4	5	1	2	3	8	7	6	9
9	2	7	5	6	4	8	1	3
8	6	3	1	9	7	2	4	5
7	3	6	8	2	5	1	9	4
1	9	5	7	4	6	3	2	8
2	4	8	9	1	3	5	7	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Eitt af þremur hjólaverkum Anssi Pulkkinen.

Aldís og Aðalheiður sýningarstjórar við verkið Sápa # Lavender eftir Arnar Ásgeirsson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hallsteinn Sigurðsson í dyrum vinnustofu sinnar.

Fánar Halldórs Ásgeirssonar dúkka upp á ólíkum stöðum á ýmsum tímum.

Listamenn

Anssi Pulkkinen, Arnar Ásgeirsson, Baldur Geir Bragason, Halldór Ásgeirsson, Hallsteinn Sigurðsson, Kathy Clark, Katrín Inga Jónsdóttir Hjördísardóttir, Ósk Vilhjálmsdóttir og Sindri Leifsson.

Gerðuberg er miðstöð sýningarinnar og minjar Breiðholtsbæjarins eru með á sýningarskránni.

Tengir hverfahluta Breiðholts saman

Níu myndlistarmenn eiga verk á útilistsýningu í Breiðholtinu sem nefnist Úthverfi. Hún teygir sig um hverfið og gleður skilningarvit þeirra vegfarenda sem fara um gangandi og hjólandi.

Eilífðin er í næsta húsi nefnist þetta verk eftir Kathy Clark.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Brjóstmyndir og höfuð sem gægjast upp úr moldarbeði og sápuskúlptúr með táknum og kynjamyndum eru meðal listaverka sem Breiðholtið skartar í sumar. Sýningin Úthverfi var opnuð þar á dögunum að tilhlutan Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík. Aðalheiður Valgeirsdóttir og Aldís Arnardóttir sýningarstjórar leiða blaðamann og ljósmyndara að nokkrum hinna margvíslegu myndverka og það er sannkölluð skemmtiferð. „Sýningin tengir hverfahluta Breiðholtsins, líka hið náttúrlega og manngerða og á að endurspegla fjölbreytni þess, bæði í umhverfi og mannlífi," útskýrir Aldís.

Við byrjum inni í Gerðubergi, þar eru ljósmyndir af nokkrum nemendum í Fellaskóla sem Ósk Vilhjálmsdóttir myndlistarmaður fékk til samstarfs. Skilti hennar við Breiðholtslaug vísar á staði sem unglingarnir tengdu sig við með minningum. Halldór Ásgeirsson var líka í samstarfi við börn í Fellaskóla. Á ákveðnum dögum flaggar hann litríkum fánum með myndum eftir þau.

Við Suðurhóla 25 verður stór sápa á vegi okkar. Hún er steypt og skreytt af Arnari Ásgeirssyni myndlistarmanni og minnir á rúnastein. „Arnari varð hugsað til fanga í Bandaríkjunum sem tjáðu sig stundum með táknmyndum í sápur," lýsir Aðalheiður.

Verk Sindra Leifssonar er í fimm hlutum og þræðir sig meðfram göngustíg í skógarjaðrinum milli Vesturhóla og Bakkahverfis. Það er úr ýmsum trjátegundum sem felldar hafa verið við grisjun í borgarlandinu. Inni í trjánum er hólkur með mold og útsæðiskartöflum og ætlast er til að kartöflugrös muni gægjast út úr holum.

Eitt af þremur hjólum Finnans Anssi Pulkkinen er við götuhorn í Neðra-Breiðholti. Hin tvö eru í Seljahverfi. Við nemum næst staðar rétt við Breiðholtsskóla. Þar blasa við höfuðin í moldinni sem eru framlag Kathy Clark. Hún nefnir verk sitt Eilífðin er í næsta húsi, og með áletrunum á brjóstmyndum túlkar hún hugsanir og samkennd nágranna.

Síðasti viðkomustaður okkar er í Ystaseli, við Höggmyndagarð Hallsteins. Erum svo heppin að listamaðurinn er úti við að fylgjast með stækkun vinnustofu sinnar. Hann tekur okkur vel. Hallsteinn var einn af stofnendum Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík og líka einn af frumbyggjum hverfisins.

Úthverfi stendur til 25. ágúst. Á morgun, þriðjudaginn 28. maí, verður boðið upp á kvöldgöngu með sýningarstjórum og listamönnum milli nokkurra verka í Efra- og Neðra-Breiðholti. Lagt verður af stað frá Gerðubergi klukkan 19.30 og endað á grænu svæði við Breiðholtsskóla við Arnarbakka.

Innganga nefnir Sindri Leifsson sitt listaverk sem er í fimm hlutum.



Árbæjarkirkja óskar eftir barnakórsstjóra frá 1. september n.k.

Verið er að stofna nýjan barnakór við kirkjuna, þar sem fyrir er blómlegt barnastarf.

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní.

Umsóknir sendast til :
Árbæjarkirkja v/Rofabæ,
110 Reykjavík eða
kristin@arbaejarkirkja.is

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

If Beale Street Could Talk (NO SUB) 17:40
Að sjá hið ósýnilega (ICELANDIC) 18:00
The House That Jack Built (ICE SUB) 18:00
Eden (ICELANDIC W/ENG SUB) 20:00
Lords of Chaos (ICE SUB) 20:00
The Wild Pear Tree (ENG SUB) 21:00
Yuli-Carlos Acosta Story (ENG SUB) 22:00
BlacKkKlansman (ENGLISH NO SUB) 22:20

DAGSKRÁ

Mánudagur

RÚV SJÓNVARP

13.00 Útsvar 2014-2015, Akranes - Reykjavík
14.10 92 á stöðinni
14.35 Maður er nefndur Hjörtur Eiríksson Í þessum þætti ræðir Hannes Hólmsteinn Gissurarson við Hjört Eiríksson framkvæmdastjóra. Hjörtur segir frá ætt sinni og uppruna og frá uppvaxtarárum sínum í Laugardalnum í Reykjavík. Hann segir frá skólagöngu sinni og starfi sínu hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga þar sem hann var forstjóri iðnaðardeildarinnar á Akureyri. Hjörtur rekur kynni sín af ýmsum minnisstæðum mönnum s.s. Vilhjálmi Þór, forstjóra SÍS. Dagskrárgerð: Ásgrímur Sverrisson.
15.10 Út og suður
15.35 Af fingrum fram, Eiríkur Hauksson Þáttaröð frá 2003-2004 þar sem Jón Ólafsson ræðir við þekkta tónlistarmenn. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.
16.15 Súkkulaði
16.50 Lögin hennar mömmu Raggi Bjarna, Hera Björk og Bjarni Baldvins flytja lögin sem mömmur rauluðu við heimilisstörfin á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Gamlar og góðar perlur eru fluttar við undirleik hljómsveitar Björns Thoroddsen en hana skipa auk Björns þeir Vignir Þór Stefánsson, Jóhann Hjörleifsson og Jón Rafnsson. Stjórn upptöku: Björn Emilsson. e.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Lalli
18.08 Minnsti maður í heimi
18.09 Símon
18.15 Refurinn Pablo
18.20 Klaufabárðarnir
18.28 Klingjur
18.39 Mói
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Njósnarar í náttúrunni Dýralífsþættir frá BBC þar sem vélmennum í líki dýra er komið fyrir í dýraríkinu. Vélmennin eru búin upptökubúnaði sem gerir okkur kleift að komast nær dýrunum en nokkru sinni fyrr og öðlast dýpri skilning á flóknu tilfinningalífi þeirra.
21.00 Svikamylla
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 HAM - lifandi dauðir Saga rokkhljómsveitarinnar HAM rakin í máli, myndum og tónum. HAM starfaði á árunum 1988-1994. Árið 2001 kom sveitin saman aftur og hélt þrenna tónleika. Í HAM voru Óttarr Ólafur Proppé, Sigurjón Kjartansson, Sigurður Björn Blöndal, Arnar Geir Ómarsson, Flosi Þorgeirsson, Jóhann Jóhannsson, Hallur Ingólfsson, Ævar Ísberg og Jón Egill Eyþórsson. Framleiðandi: Markell og Glysgirni. Leikstjórn og framleiðsla: Þorkell S. Harðarson, Örn Marinó Arnarson og Þorgeir Guðmundsson. e.
23.45 Fjandans hommi
00.10 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 Pure Silk Championship
11.00 Charles Schwab Challenge
16.00 Pure Silk Championship
19.00 PGA Highlights
19.55 Charles Schwab Challenge

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.45 Will and Grace
14.10 Crazy Ex-Girlfriend
14.55 90210
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Rel
20.10 Top Chef
21.00 Hawaii Five-0
21.50 Blue Bloods
22.35 Shades of Blue
23.20 The Tonight Show
00.05 The Late Late Show
00.50 NCIS
01.35 NCIS. Los Angeles
02.20 FBI
03.05 Star
03.50 Heathers
04.35 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur Beatles, Stones, Trúbrot o.fl.
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Til allra átta Stefnumót á Grænhöfðaeyjum
15.00 Fréttir
15.03 Landaöldin
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Hátalarinn
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útvarp Krakka RÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.40 Kvöldsagan. Húsið
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.00 Manglehorn
13.40 Fly Away Home
15.25 Diary of a Wimpy Kid. The Long Haul
16.55 Manglehorn
18.35 Fly Away Home
20.25 Diary of a Wimpy Kid. The Long Haul
22.00 Una
23.35 The Lobster
01.35 The 33
03.40 Una

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Friends
07.45 Gilmore Girls
08.25 Ellen
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Goldbergs
09.55 Grand Desings. House of the Year
10.45 Great News
11.10 Landnemarnir
11.50 Lóa Pind. Viltu í alvöru deyja?
12.35 Nágrannar
13.00 The X-Factor
13.55 The X-Factor
14.45 The X-Factor
15.40 Maður er manns gaman
16.05 The Big Bang Theory
16.25 Lóa Pind. Bara geðveik
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
19.20 Veður
19.25 The Mindy Project
19.50 My Babies Life. Who Decides?
20.40 Næturgestir
21.05 Game of Thrones. The Last Watch
23.00 S.W.A.T.
23.45 60 Minutes
00.30 The Village
01.15 The Enemy Within
02.00 Chernobyl
02.50 Nashville
03.35 Nashville
04.20 Stolen Daughters. Kidnapped By Boko Haram
05.40 Friends

STÖÐ 3

19.10 The Last Man on Earth
19.35 The Simpsons
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Who Do You Think You Are?
21.35 Claws
22.25 Legends of Tomorrow
23.10 Flash
23.55 Supernatural
00.40 The Last Man on Earth
01.05 Seinfeld
01.30 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.25 Ítalski boltinn
09.05 ÍA - Stjarnan
10.45 Valur - Breiðablik
12.25 Pepsi Max Mörk karla
13.55 Aston Villa - Derby Bein útsending frá úrslitaleik ensku 1. deildarinnar.
16.05 Ítalski boltinn
17.45 Ítölsku mörkin
18.15 Evrópudeildin - fréttaþáttur
19.05 Fylkir - HK/Víkingur Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
21.15 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
21.40 Formúla 1. Mónakó - Keppni

STÖÐ 2 SPORT 2

12.00 Úrslitaleikur kvenna. Lyon - Barcelona
13.50 Manchester City - Watford
15.40 HK - Grindavík
17.20 ÍA - Stjarnan
19.00 Valur - Breiðablik
20.40 Aston Villa - Derby
22.30 Evrópudeildin - fréttaþáttur
23.20 Fylkir - HK/Víkingur

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Virkir dagar á Rás 2

Morgunútvarpið kl. 6.50
Sigmar, Hulda og Helgi vekja hlustendur með glóðvolgum fréttum og snarpri umfjöllun um samfélagsmál.

Morgunverkin kl. 9
Þórður Helgi spilar allt það besta sem heimurinn hefur alið af sér og hlustendur geta verið með.

Poppland kl. 12.45
Án allra landamæra. Einn elsti og virtasti tónlistarþáttur landsins. Umsjónarmenn: Þossi, Ólafur Páll og Karítas.

Síðdegisútvarpið kl. 16
Guðmundur, Hafdís Helga og Andri Freyr halda ykkur vel upplýstum um menn og málefni á leið úr vinnu og spilar nóg af góðri tónlist.



Hvar og hvenær sem þér hentar
Þú finnur uppáhaldsþættina þína í spilara RÚV, á ruv.is eða í nýjum öppum RÚV fyrir snjalltæki.

RÁS 2 fyrst og fremst

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

FRETTABLADID.IS

Tískan á amfAR galakvöldinu

Góðgerðarsamtökin amfAR héldu árlegt galakvöld í Cannes til styrktar rannsóknum á eyðni og HIV á fimmtudag. Stjörnurnar voru hver annarri flottari á rauða dreglinum.

Fyrirstætan og fyrrverandi Victoria's Secret-engillinn Adriana Lima var glæsileg í þessum svarta kjól.

MYNDIR: NORDICPHOTOS/GETTY

Leikkonan og aktívistinn Pamela Anderson mætti ásamt syni sínum, Brandon Thomas Lee.

Chiara Ferragni sem er ítalskur áhrifavaldur var glæsileg í ljósum tjullkjól efti Giambatista Valli.

Leikkonan Eva Longoria var flott í hvítu en hún hefur nýverið opnað sig í fjölmiðlum um strangan megrunarkúr sem hún fór í í kjölfar barnsburðar.

Fyrrverandi ritstjóri franska Vogue, Carine Roitfeld, mætti ásamt fyrirsætunni Jordan Barrett.

Kendall Jenner var í skærbleikum kjól úr nýrri línu Giambattista Valli fyrir H&M.

Galakvöld amfAR er haldið í Cannes á hverju ári en þangað mæta margar helstu stjörnur heims úr kvikmynda- og tískubransanum. Samtökin standa fyrir galakvöldum árlega í Cannes og New York. AmfAR eru bandarísk góðgerðarsamtök en þeirra aðalbaráttumál er söfnun fjár til styrktar rannsóknum á HIV og eyðni. Á viðburðinum safnast oft háar fjárhæðir en ódýrasti miðinn kostar um 400.000 krónur. Í ár söfnuðust sem nemur 1,86 milljörðum króna til styrktar samtökunum en stjörnurnar keppast við að gefa vinnu sína eða eigur til uppboðs sem haldið er á kvöldinu. Söngdívan Mariah Carey, breska kempan Tom Jones og tónlistarkonan Dua Lipa tóku öll nokkur lög á viðburðinum.

Meðfylgjandi eru myndir frá kvöldinu.

Steingerdur@frettabladid.is

Fyrirsætan Winnie Harlow hefur verið dugleg að mæta á ýmsa viðburði í tengslum við kvikmyndahátíðina í Cannes undanfarna viku.

Ofurfyrirsætan Coco Rocha bar af í bleiku.

Dua Lipa, sem kom fram á viðburðinum, mætti í þessum skærrauða kjól en þessi litur er einn sá heitasti í sumar.

FULLKOMINN DJÚPSVEFN

Með Kally heilsukoddanum

Kally heilsukoddinn er þróaður í samráði við breska osteópata og svefnráðgjafa og er byltingarkennd nálgun í svefnlausnum. Búið er að endurhanna hinn klassíska meðgöngu-kodda sem barnshafandi konur hafa þekkt í áraraðir með bómull í hæsta gæðaflokki. Hann tryggir að þú upplifir góðan djúpsvefn og það þarf varla að taka fram hversu mikilvægur hann er!



Kally Sleep hefur í áraraðir sérhæft sig í byltingarkenndum svefnlausnum sem hjálpa viðskipta-vinum að upplifa góðan djúpsvefn. Allar vörur Kally Sleep eru þróaðar og hannaðar í samráði við færustu sérfræðinga á sviði svefnráðgjafar og eru einungis framleiddar úr hágæða efnum fyrir hámarks þægindi.

Kally heilsukoddinn fæst á boxid.is og í verslunum Super 1.

BOXID SUPER 1

Kally Sleep®

Sleep Innovations, Styled Around You.

www.kallysleep.com

HÚSGAGNA HÖLLIN

VEFVERSLUN www.husgagnahollin.is ALLTAF OPIN

MAGNAÐUR MAÍ
Í HÖLLINNI

CLIPS
GARÐHÚSGAGNALÍNAN

CLIPS
Stöðugur og vandaður garðstóll þótt hann sé léttur og einfaldur. Honum er auðvelt að stafla. Stóllinn og armarnir eru úr dufthúðuðu áli en sætið úr plasti sem það dúar ögn/gefur eftir en er þó sterkt og endingargott. Nokkrir litir.

GARÐHÚSGÖGN
30%
AFSLÁTTUR

13.993 kr. ~~19.990 kr.~~

CLIPS
Slakaðu á í dásamlegum ruggustól. Clips er notalegur og vandaður þótt hann sé léttur og einfaldur. Sethæð stólsins 32 cm. Nokkrir litir með samlitum örmum og grind.

27.993 kr. ~~39.990 kr.~~

NÝR BÆKLINGUR Á
husgagnahollin.is
SPENNANDI tilboð
og NÝJAR vörur

HÚSGAGNA HÖLLIN
Sími: 558 1100

Reykjavík Bíldshöfði 20: 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardaga, 13 – 17 sunnudaga
Akureyri Dalsbraut 1: 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1

Ef allt gengur að óskum úti í Seúl er önnur sýning í bígerð í borginni að sögn Birgis. MYND/EGILL ÖRN SVERRISSON

Notar klæðnað sem striga á sýningu í Seúl

Birgir Breiðdal tekur þátt í HUB 8 í Seúl í Suður-Kóreu í næstu viku. Þar mun hann mála verk á föt á miðjum sýningarpallinum. Búið er að hanna sjálfbæra fatalínu út frá málverki eftir Birgi.

Myndlistarmaðurinn, hönnuðurinn og knattspyrnuþjálfarinn Birgir Breiðdal er á leið til Asíu þar sem honum var boðið að vera með opnunaratriði í HUB 8-verkefninu, en það er árlegt útskriftarverkefni einnar virtustu tískuhönnunarakademíu Suður-Kóreu.

„Ég er búinn að vera að vinna í þessu síðan í janúar og núna fer þetta ævintýri að bresta á, en lokaundirbúningur fer fram í Kóreu frá 1. til 7. júní. Hönnuðirnir sem koma að sýningunni vinna með mismunandi þemu og málverkin mín er eitt af þeim. Búið er að hanna sjálfbæra fatalínu út frá málverki eftir mig þar sem notast er meðal annars við endurunninn striga. Ég mun vera þátttakandi í atriðinu og mála á föt eins módelsins á sýningarpallinum.“

Birgir segir verkefnið bæði krefjandi og spennandi.

„Þetta kom þannig til að við fjölskyldan vorum á gömlum heimaslóðum í Mílanó, þar sem ég bjó til margra ára og lærði arkítektúr. Þar hitti ég góðan vin minn sem er kóreskur og er að flytja ítalskan hátískufatnað inn til Suður-Kóreu. Við hittum þarna í fyrsta sinn konuna hans, sem er fatahönnuður. Yfir einni máltíð var farið að skoða málverkin mín í símanum og þau voru svo hrifin að þau keyptu strax eitt og annað var selt vini þeirra í París.“

Í kjölfarið kom upp sú hugmynd að Birgir myndi halda sýningu í Seúl, en vinafólkið kóreska sagði stílinn á verkunum eiga vel við naumhyggjustílinn sem er allsráðandi í borginni.



Eitt af verkum Birgis. MYND/ÁSA HEIÐUR RÚNARSDÓTTIR

„Í fyrstu voru þetta bara hugmyndir og við vorum bara að hittast sem vinir. En svo hittumst við aftur síðar um áramótin og nokkrum dögum síðar var þetta allt komið á skrið. Hugmyndin var að það væri skemmtileg leið til að markaðssetja mig að láta mig taka þátt í tískusýningu. Þetta þótti mér alveg geggjað og eiginlega besta hugmynd sem ég hafði heyrt nokkurn tímann því á námsárunum langaði mig mikið til að læra fatahönnun líka.“

Atriðið sem Birgir tekur þátt í er opnunaratriði hátíðarinnar en fimm aðrir þekktir listamenn taka einnig þátt.

„Það verður gríðarlega spennandi að fá að kynnast öllu þessu frábæra fólki. Persónulega finnst mér þetta alveg frábært tækifæri líka vegna þess að ég hef aldrei komið til Asíu og núna gefst manni tækifæri á að kynnast nýjum heimi.“

En hvar fær Birgir innblástur?

„Það má segja að verkin komi beint frá hjartanu, ég geri bara eitthvað og virði engar stefnur þannig séð. En þegar ég skoða verkin eftir á, þá er mér ljóst að hlutföllin komi beint úr arkitektanáminu. Til dæmis er verkið sem er notað af fatahönnuðinum úti skírskotun í það hvernig ég skissa grunninn þegar ég hef verið að hanna á arkitektastofum.“

Birgir er bjartsýnn á framtíðina og hyggur á frekara sýningarhald í Asíu gangi vel núna í Kóreu.

„Eftir sýninguna í Seúl er ég með smá lausan tíma, ég þarf bara að sjá hvað gerist. Við fjölskyldan munum eyða tíma með kóresku vinum okkar og kynnast landinu þeirra, en ég verð einnig tilbúinn með pensilinn komi kallið,“ segir Birgir hlæjandi og bætir svo við: „Ég elska að hafa hlutina ekki of skipulagða heldur bara finn dag frá degi hvað hentar best. Það væri gaman að halda sýningu með haustinu og ef allt gengur að óskum er önnur sýning í bígerð í Seúl. Komandi tímar eru því mjög spennandi,“ segir Birgir að lokum.

Hægt er að skoða verk Birgis á Facebook-síðu hans undir Biggimyndlistarmaður.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

NÝTT Johnson's®

Með ekta bómull.
Verndar viðkvæma húð frá fyrsta degi.

Nýja Cottontouch línan er unnin úr ekta bómull og sérstaklega hönnuð fyrir viðkvæma húð nýbura. Línan samanstendur af sápu, kremi, olíu og blautþurrkum og eru vörurnar einstaklega mildar og með rétt sýrustig.

Veldu mýkt og mildi Cottontouch fyrstu vikurnar í lífi barnsins.

#CHOOSEgentle

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Guðmundar Brynjólfssonar

Vorannáll

Eyrarbakka skip er ókomið og hef ég því fátt tíðinda. Veit þó að fjársýkin hefur gert marga sauðlausa á Jótlandi. Annars hefur verið umhleypingasamt þar ytra en hlýtt. Fregnaði þetta af kríum sem komu hér í síðustu viku. Fékk með sömu sendiboðum tilboð um að taka við Sóreyjarháskóla. Þáði en fer líklega hvergi. Bíð eftir bréfi um annað. En vona lítið því bréfritari hefur lengi verið aflvana í hægri armi.

Hér fyrir austan var vetur góður, en nokkuð hríðasamt nyrðra fram yfir venju og kalt. Af Austurlandi engar fréttir. Sumrar ágætlega á Eyrarbakka. Selatekja ærin. Vertíð góð. Drykkjuskapur tempraður.

Fregnað hefi ég útkjálkamælingu í Reykjavík. Þar er því fram haldið af bæjarstjórninni að götur eyðist um of og verslun sé á röngum stöðum. Þessu hefur verið andæft og hafa yfirsetukonur og hómópatar, ærlegir læknar og portkonur lýst yfir áhyggjum því þetta fólk vill gjarna halda sínu striki til starfa. Hafa sumir gengið svo langt að fullyrða að vegir séu grundvöllurinn eini vilji bæjarfélög kaupstaðarrétt hafa, frekar en einungis höndlunarleyfi. Mun þetta í rannsókn.

Mál var uppi í höfuðstaðnum, hafði kerling ein verið skotin í vetur að ófyrirsynju til bana, og var helst fyrir hafður Rúnar nokkur Zívertsen, Sæmundar Zívertsen hattara. Guðmundur djákn skoðaði hana og vottaði dauða. Vóru gefnir fátækum af henni skórnir. Annað var ekki hægt að hirða nema hvað bæjarsjóður tók úr henni tönnurnar og hafði fyrir mulning í götur, til styrkingar.

Að þessu sögðu er ljóst að lítt er að stóla á skipaferðir en jafnljóst að réttast er að koma sér upp teinæringi til Reykjavíkurferða.

Heilög tvenna!

Apple TV 4K með ótakmörkuðum Ljósleiðara hjá Nova.

Staðgreitt 29.900 kr.
Sami afsláttur er veittur af Ljósleiðara ef Apple TV er staðgreitt.

Apple TV 4K | 32 GB

Útborgun
0 kr.

Greiðsla í 18 mán.	1.690 kr.
Afsláttur af Ljósleiðara í 18 mán.	-1.690 kr.

Þú borgar 1.690 kr. á mánuði í 18 mánuði fyrir Apple TV 4K og færð á móti sömu upphæð í afslátt af ótakmörkuðum Ljósleiðara í 18 mánuði – þú borgar því í raun ekkert fyrir Apple TV 4K.

Greiðsludreifing: 325 kr. / mán.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

NOVA